



## Reglur vinnuskólans í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

### *Markmið*

#### *1. gr.*

Markmið með reglum þessum er að skilgreina það háttarni og viðmót sem ætlast er til að ungmenni og starfsfólk vinnuskóla Skeiða- og Gnúpverjahrepps sýni af sér við störf sín fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps og efla þannig fagleg vinnubrögð og auka traust á starfsemi vinnuskólans.

#### *2. gr.*

Markmiðið er að ungmenni í vinnuskólanum og verkstjóri njóti dagsins saman.

#### *3. gr.*

Góður starfsandi, virðing og gleði eru mikilvæg í vinnuskóla Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

### *Starfsskyldur ungmenna*

#### *4. gr.*

Ungmenni í vinnuskólanum skulu vera stundvís og mæta klædd í samræmi við veður og vinnuaðstæður hverju sinni.

Ungmenni vinnuskólans skulu vinna sín störf fyrst og fremst í þágu samfélagsins og stuðla að því að umhverfi sveitarfélagsins sé snyrtilegt.

Ungmenni vinnuskólans skulu sýna hvert öðru sem og öðru starfsfólki skólans virðingu, gæta kurteisi og lipurðar í samskiptum. Vanvirðing af einhverjum toga, svo sem niðrandi tal, fordómar, hættulegt atferli og annað ofbeldi er með öllu óheimilt.

Ungmenni skulu ekki vera í símanum nema nauðsynlegt sé.

Ungmenni vinnuskólans skulu ganga vel um verkfærin og umhverfið.

Ungmenni vinnuskólans skulu ávallt vera í vinnuvestum á vinnutíma.

Ungmennum vinnuskólans ber að gæta vel að umhverfi sínu þar á meðal eigum Vinnuskólans og annarra.

Ungmenni vinnuskólans bera ábyrgð á fatnaði og öðrum eigum sínum.

### *Starfsskyldur verkstjóra*

#### *5. gr.*

Verkstjóri vinnuskólans skal vera 18 ára eða eldri.

Verkstjóri vinnuskólans skal rækja starf sitt af alúð og samviskusemi, gæta kurteisi, lipurðar í samskiptum og réttisýni og veita þeim sem til þess leitar aðstoð og leiðbeiningar.

Verkstjóri vinnuskólans skal vinna sín störf fyrst og fremst í þágu íbúanna og setja almannahagsmunum ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga eða einstakra hópa. Verkstjóri



vinnuskólans skal gæta þess að fara vel með það vald sem honum er falið, ekki nýta það í eigin þágu, gæta að sanngirni og meðalhófs og ávallt að hafa í heiðri ýtrustu kröfur um ráðvendni, skilvirkni og réttlæti í störfum sínum í þágu sveitarfélagsins.

Verkstjóri vinnuskólans skal gæta þess að framkoma og athafnir, jafnt á vinnustað sem utan hans, samrýmist starfi því sem hann gegnir.

Verkstjóri vinnuskólans skylt að gæta þagmælsku um trúnaðarmál er varða störf hans og ungmenni vinnuskólans og helst þagnarskyldan eftir að starfi hans lýkur. Auk þess ber hann tilkynningarskyldu til barnaverndayfirvalda.

### ***Ábyrgð***

#### ***6. gr.***

Skeiða- og Gnúpverjahreppur ber ábyrgð á öryggi og velferð starfsfólks vinnuskólans og uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

Um vinnu barna og ungmenna er fjallað í X. kafla laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga. Á nokkrum stöðum í reglugerð um vinnu barna og unglunga eru tilgreindar reglur sem taka sérstaklega til vinnuskóla sveitarfélaga.

### ***Önnur ákvæði***

#### ***7. gr.***

Öll notkun tóbaks og nikótíns er bönnuð í starfi vinnuskólans, sama á hvaða formi það er, sem og neysla orkukrykkja.

Orku/koffindrykkir eru ekki leyfðir. Ungmenni eru hvött til að hafa með sér heilsusamlegt nesti.

Símanotkun, þ.m.t. myndbands-, hljóð- og myndataka er óheimil á vinnutíma. Gerð er undantekning varðandi tónlist, hún er aðeins leyfileg í öðru eyra, öryggisins vegna.

### ***Meðferð ágreiningsmála***

#### ***8. gr.***

Telji foreldri ungmenna eða ungmenni sjálf einhverju áfátt í fyrirkomulagi vinnuskólans eða að á rétti barns sé brotið getur það leitað leiðréttingar hjá sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 4. júní 2025*

*Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri*